



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 7. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2016
MIÐVIKUDAGINN 16. NÓVEMBER KL.13:15**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf

Fimm nemendur segja sig frá námi:

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Gjaldkeri lagði fram uppgjör af Salsaballinu. Almennt tókst ballið vel og jákvætt viðhorf stjórnar NFFG til dansleikjahalds hefur sitt að segja. Yfirlitið var vel sett upp og útkoman eftir ballið var góð. Sú nýbreytni að nemendur FG fengu armband í stað miða flýtti fyrir í miðasölnunni og hjálpaði gæslunni á ballinu mikið. Talað um að hafa nýnema með annan lit á armböndum á næsta balli til frekari aðgreiningar þegar þau mæta á ballið. Umræða skapaðist um miðabreytingar og gestafjölda á böllum. Æfingakeppni við MS í Morfís fer fram á morgun. Undirbúningur fyrir árs hátíðina er hafinn.

Önnur mál

Vakin athygli á lengdum opnunartíma bókasafnsins að ósk nemenda.

Fundinn sátu:

Anna G. Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi
Anna Jeeves fulltrúi kennara
Edith Edda Unnsteinsdóttir fulltrúi kennara
Elísabet Siemsen skólameistari
Freymar Örn Ómarsson gjaldkeri NFFG
Selma Rós Axelsdóttir forseti NFFG
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir áfangastjóri
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi
Snjólaug Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi